

kypr - 2000 100 - 114.



Þorvaldur
Böðvarsson/Þjóðminjasafn/I
S

24.01.2008 13:20

To Inga Lára Baldvinsdóttir/Þjóðminjasafn/IS@NATMUS
cc

bcc

Subject Fw: Myndir - skannaðar 1

Önnur tilraun...

—— Forwarded by Þorvaldur Böðvarsson/Þjóðminjasafn/IS on 24.01.2008 13:19 ——

Þór
Magnússon/Þjóðminjasafn/I
S

24.01.2008 11:02

To Þorvaldur Böðvarsson/Þjóðminjasafn/IS@NATMUS
cc

Subject Re: Myndir - skannaðar 1 📎

Sæll, frændi.

Þessar myndir eru gamlir kunningjar.

Þær eru eftirtökur úr tveimur albúnum sem Jóhannes Davíðsson bílstjóri á Hvammstanga átti, og hefur hann tekið flestar myndirnar. Hann var á tímabili alltaf með kassavél og þótt margar myndirnar séu slæmar eru þær samt ómetanlegar sem heimildir. Líklegast eru allar myndirnar teknar á árabílinu 1930 til 1940.

Ég fékk albúmin lánuð (þau eru hjá Bangsa) og Óskar Gíslason tók eftir myndunum; þetta voru tvö sett, ég á annað sett heima. Það eru miklu fleiri myndir en þetta í albúmunum. Einhvern veginn hefur þetta farið á vergang, en millifilmur frá Óskari eiga einnig að vera til. - Ég er smám saman að fara í gegn um myndir sem ég á heima "í kössum og handröðum", og þá kemur margt í dagsljósið. Það læt ég ykkur allt hafa síðar.

II 100 Scan 2: Húsið Melar á Hvammstanga. - Karl Friðriksson byggði kjallarann og hæðina, þá nefndist húsið Karlsberg. Síðar eignaðist Jóhannes Eggertsson húsið og bætti portinu ofan á, gamli þakkanturinn sést, eftir það hét það Melar, stóð andspænis félagsheimilinu, hinum megin við götuna. Jóhannes Davíðsson bjó þarna (Jóhannes Eggertsson var síðari maður Ingibjargar móður Jóa), herbergi hans var innan við gluggann til hægri, austanvert í húsinu. - Jóa var einn fyrsti sem fékk síma á Hvammstanga, nr. 4, og sjást símakúlurnar ofan við gluggann. - Mela er nú búð að brjóta niður.

#107 0001. Sama hús, Melar. Fjær sést í húsið Sólvelli, sem Guðmundur Jónsson, síðar í Laufási, byggði, það stendur enn, en til vinstri er húsið Sunnuhvoll, austurhellingur hússins þar sem Sigríður Pálmadóttir og Hansína dóttir hennar bjuggu, einnig Hrólfur sonur Sigríðar framan af, hann var fósturfaðir minn (þ. M.). - Síðar byggði Guðmundur Gíslason vestari partinn og enn síðar var byggð rishæð ofan á allt húsið. Það stendur enn.

#109 0002. Konurnar hefur mér ekki tekizt að fá þekktar. Litla húsið til vinstri er Karlsskáli, sem Karl Friðriksson byggði eftir að hann fór úr Karlsbergi, það er búð að rífa, þá eru Melar (fyrir Karlsberg) og til hægri húsið Móberg, sem Jón Ólafsson úrsmiður átti (byggði?). Það er búð að rífa.

#105 0004. Þorsteinn Díómedesson, Hvammstanga og Jóhannes Davíðsson, með myndavélina. Bílskúr Jóa (eða Óa eins og hann var oft nefndur) í baksýn.

0011. Fólk í skemmtiferð, en ég þekki fátt. - Annar frá vinstri fremst er Guðjón Guðnason, þá starfsmaður Kaupfélagsins (bróðir séra Jóns Guðnasonar og séra Einars í Reykholti og Jóhönnu konu Guðmundar á Óspaksstöðum, hann var síðar tollvörður í Reykjavík). Ofan við hann er Sigurður Davíðsson kaupmaður, með derhúfu, lengra til hægri er Sæmundur Skarphéðinsson smiður frá Kollsá, með háan hatt, fremst hægra megin er Sveinn H. Þórðarson móðurbróðir minn (þ. M.), með dökka húfu. - Ég gæti trúað að konan lengst til vinstri sé Ingibjörg Sigurðardóttir, móðir þeirra Sigurðar og Jóa, og líklegast ein dóttir hennar milli hennar og Sigurðar, en er ekki viss,

0012. Á Ytri-Karástöðum á Vatnsnesi. - Frá vinstri: Sveinn H. Þórðarson (móðurbróðir minn, þ. M.),

Bjarni Sveinsson lausamaður á Kárastöðum, Guðrún K. Sveinsdóttir (amma mín, Þ. M.), maðurinn aftan við óþekktur, Þórður Sæmundsson maður Guðrúnar (afi minn, Þ. M.), Hrólfur J. Þorsteinsson frá Gröf (fósturfaðir minn, Þ. M., fórst 1941), Þuríður J. Þórðardóttir kona Hrólfs (móðursystir mín og fyrri fósturmóðir, Þ. M.), aftan við hana Guðbrandur Guðbrandsson skósmiður (held ég örugglega, hann var á skóverkstæði afa míns), Davíð Þorgrímsson bóndi á Ytri-Kárastöðum, Þórðveig Jósefsdóttir (ath. hún hét Þórðveig), kona Davíðs, heldur um höfuð sér, Valgerður Þorsteinsdóttir frá Gröf, systir Hrólfs, Hansína Þorsteinsdóttir frá Gröf, systir Valgerðar og Hrólfs. - Konuna lengst til hægri þekki ég ekki, heldur ekki drenginn fremst, gæti verið annað hvort Ingólfur Guðnason eða Leifur Blumenstein, sem aldir voru upp hjá Davíð og Þórðveigu.

0008. Húsið hefur mér ekki tekizt að þekkja, einhvers staðar í sveit og líklegast ekki til lengur, en bíllinn er annar bíll Jóa, Ford 1931. - Jóa var fyrsti bílstjóri í Vestur-Húnavatnssýslu, eignaðist fyrst Ford 1926, sem hann átti til 1930, en þennan átti hann frá 1931 og til 1941 er hann fékk nýjan Ford. Þetta var einn af fáum bílum, sem komu með járnhúsi, flestir vörubílar komu húslausir og smíðuðu menn hús yfir þá sjálfir.

0009. Sæmundur Skarphéðinsson smiður nær og Guðmundur Þ. Sigurgeirsson, við bíl Jóa, myndin er líklegast tekin úti á Vatnsnesi, utan við Almanning, og snemma vors, því að bíllinn er með keðjur, hafa verið slörk í veginum. - Þeir fóru oft bíltúra þessir þrír saman, jafnvel aðrir einnig, og voru þá oftast á kenndiríi.

0010. Sæmundur Skarphéðinsson og Jóhannes Davíðsson, á sama stað og fyrri mynd. Þessa mynd hefur Guðmundur tekið og Jóa fyrri myndina.

#101 ~~0006.~~ Halldór Sigurðsson, síðar sparisjóðsstjóri í Borgarnesi, vann við Kaupfélagið á Hvammstanga, Sigríður Sigurðardóttir kona hans, dóttir Sigurðar Pálmasonar kaupmanns, konan til hægri og drengirnir óþekkt. - Myndin er tekin við bátaspilið á Hvammstanga, hús Sigurðar Pálmasonar í baksýn til hægri.

#102 0007. Halldór Sigurðsson, Jóhannes Davíðsson, Sigríður Sigurðardóttir, hin konan og drengirnir óþekkt, á sama stað og fyrri mynd. Lengst til hægri sést gamla Kaupfélagshúsið, sem byggt var 1907 og rífið eftir 1960.

0013. Halldóra Þórðardóttir (móðir Þórðar Skúlasonar) og Valgerður Þorsteinsdóttir, ekki sé ég við hvaða hús á Hvammstanga myndin er tekin.

0014. Valgerður Þorsteinsdóttir, Margrét Ingimarsdóttir (frekar en Þórdís systir hennar), Karín Blöndal, framan við hana er Helga systir hennar, í rúðótttri kápu, litlu telpuna þekki ég ekki. Myndin er tekin sunnan við Kaupfélagshúsið.